

# Fréttabréf Brimvers - Æskukots

**Nóvember 2015.**

„Það er gott að vera þar sem gleðin býr“

Skólastarfið í haust hefur gengið vel og er hver dagur fullur af lífi fjöri og óvæntum tækifærum til náms og þroska. Það eru forréttindi að fá að starfa með þennan dýrmæta efnivið sem nemendur eru. Ég vil hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef það eitthvað sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef eitthvað hefur áhrif á líðan og nám nemenda sem þarf að bregðast við. Eins er gaman að heyra það sem vel er gert og fá hugmyndir sem geta auðgað skólastarfið. Góð samvinna allra sem að nemendum og skólastarfinu koma skiptir miklu máli til að gera gott skólastarf enn betra.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri



## **Mikilvægar dagsetningar í nóvember**

- 3. nóvember – Nemendur f. 2011 fara á skólabókasafnið í BES
- 4. nóvember – **Fjólublár** dagur
- 8. nóvember – Baráttudagur gegn einelti
- 10. nóvember – Nemendur f. 2010 fara á skólabókasafnið í BES
- 16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu
- 17. nóvember – Nemendur f. 2012 fara á skólabókasafnið í BES
- 18. nóvember – Áætluð er ferð í Timburhólaskóg í boði foreldrafélaga
- 19. nóvember – Starfsdagur frá kl. 12:00 – Leikskólinn lokar kl. 12
- 24. nóvember – Nemendur f. 2010 fara í skólabókasafnið í BES
- 2. desember – **Rauður** dagur

## Efnisyfirlit

Starfsmenn.....	2
Nemendur og foreldrasamstarf .....	3
Samstarf leikskólans og BES .....	4
Samvinna við skólaþjónustu Árborgar .....	5
Skóli á grænni grein.....	6
Bókahornið - Læsi.....	7
Fundargerðir umhverfisnefndar .....	8

## Starfsmenn

Sigríður Birna Birgisdóttir	Leikskólastjóri
<b>Brimver - Kötlusteinn</b>	
Vigdís Jónsdóttir	Leikskólakennari, deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra í Brimveri
Helga Hallgrímsdóttir	Leiðbeinandi
Kristjana Valdís Guðjónsdóttir	Leiðbeinandi, er líka á Merkisteini
<b>Brimver - Merkisteinn</b>	
Hjördís Heiða Másdóttir	Leikskólaliði, deildarstjóri
Kristina Sveinsson	Leiðbeinandi
<b>Brimver – Eldhús og ræsting</b>	
Margræti S Kristinsdóttir	Matráður
Elín Birna Bjarnfinnsdóttir	Ræstitækni
<b>Æskukot – Fiskaklettur</b>	
Drífa Valborg Erhardsdóttir	Leikskólakennari, deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra í Æskukoti
Elín Dögg Haraldsdóttir	Leiðbeinandi
Hulda Ósk Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi
Sigríður Jónsdóttir	Leiðbeinandi
<b>Æskukot – Bátaklettur</b>	
Íris Rán Símonardóttir	Leikskólaliði, deildarstjóri
Björk Reynisdóttir	Leiðbeinandi
Hanna Agla Ellertsdóttir	Leikskólaliði
Kolfinna Rún Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi
Valgerður Þóra Elvarsdóttir	Leiðbeinandi
<b>Æskukot – Eldhús og ræsting</b>	
Sigríður Kristmundsdóttir	Matráður
Dagbjört Gísladóttir	Ræstitækni
<b>Tónlist</b>	
Kolbrún Hulda Tryggvadóttir	Tónlistarkennari
<b>Umsjón með sérkennslu</b>	
Guðný Ósk Vilmundardóttir	Grunnskólakennari
<b>Starfsfólk í leyfi</b>	
M. Sigríður Jakobsdóttir	Leikskólastjóri
Tinna Björg Kristinsdóttir	Íþróttakennari



Breyting í starfsmannahópi: Valgerður Þóra og Hulda Ósk skipta fljótlega um deild. Valgerður Þóra verður á Bátakletti og Hulda Ósk verður á Fiskakletti. Hanna Agla vinnur mánudaga, þriðjudaga og föstudaga og er mest á Bátakletti. Særún Eva er farin til annarra starfa og þökkum við henni kærlega fyrir gott samstarf. Nýir starfsmenn: Kristjana Valdís hóf störf í október sl. og er bæði á Kötlusteini og Merkisteini. Guðný Ósk Vilmundardóttir hóf störf 1. nóvember sl. Hún mun halda utan um sérkennslu og lestrarstefnu leikskólans. Bjóðum við þær velkomnar til starfa.

## Nemendur og foreldrasamstarf

1. nóvember 2015 eru nemendur skólans samtals 51, 33 á Æskukoti og 18 á Brimveri.

01.11.15	Brimver	Æskukot	Brimver-Æskukot
Fæðingarár	Nemendur	Nemendur	Samtals í árgangi
2010	6	5	11
2011	2	9	11
2012	3	7	10
2013	5	6	11
2014	2	6	8
Samtals	18	33	51

### Heilsubók barnsins - Foreldraviðtöl

Upplýsingar um þroska og færni hvers barns eru skráðar niður tvisvar á ári, að vori og hausti í *Heilsubók barnsins*. Þar er þá að finna heildarsýn á stöðu þess út frá þroskaþáttum. Farið er yfir niðurstöðurnar í foreldraviðtölum. *Heilsubók barnsins* er ákveðinn leiðarvísir þar sem barnið á að vera í brennidepli í skólastarfi og stuðlar að því að unnið sé í anda heilsustefnunnar. Skráningar í Heilsubók barnsins voru gerðar í október sl. og eru foreldraviðtöl sem tekin eru í kjölfar skráningar langt komin þar sem foreldrar hitta deildarstjóra og hópstjóra.

#### Foreldraráðið 2015-2016

Sædis Ósk Harðardóttir, formaður, [saedisoh@siment.is](mailto:saedisoh@siment.is)

Hulda Gísladóttir, ritari, [vidarhelga@simnet.is](mailto:vidarhelga@simnet.is)

Hanna Siv Bjarnadóttir, meðstjórnandi, [hannaoli@simnet.is](mailto:hannaoli@simnet.is)

Vigdís Sigurðardóttir, meðstjórnandi, [vigdis@disin.net](mailto:vigdis@disin.net)

Þóra Ósk Guðjónsdóttir, varamaður, [brutus@simnet.is](mailto:brutus@simnet.is)

**Næsti fundur foreldraráðs og leikskólastjóra er 24. nóvember nk.**

#### Stjórn foreldrafélags á Brimveri, Eyrarbakka

Þóra Ósk, formaður, [brutus@simnet.is](mailto:brutus@simnet.is)

Vigdís Sigurðardóttir, meðstjórnandi, [vigdis@disin.net](mailto:vigdis@disin.net)

Anna Kristina Regina Söderström, [g5c7@yahoo.se](mailto:g5c7@yahoo.se)

#### Stjórn foreldrafélags á Æskukoti Stokkseyri

Guðrún Jóna Borgarsdóttir, formaður, [toftir@emax.is](mailto:toftir@emax.is)

Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, [kolbrunhulda@gmail.com](mailto:kolbrunhulda@gmail.com)

Selma Friðriksdóttir, [selmafrikk@gmail.com](mailto:selmafrikk@gmail.com)

## Samstarf leikskólans og BES

Góð samvinna hefur verið við stjórnendur, starfsmenn og nemendur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) og hafa verið skipulagðar heimsóknir og ferðir á milli skólanna.

Í haust var tekin ákvörðun um að bæta í samstarfið með vikulegum heimsóknum leikskólabarna í BES sem byrjuðu í september og eru alla þriðjudaga. Nemendur frá Brimveri fara í skólabíl og hitta jafnaldra sína á Æskukoti í BES á Stokkseyri. Þar eiga þau góða stund saman á skólabókasafninu með kennurum sínum og Hafdísí sem sér um bókasafnið.

Á bókasafninu fara nemendur í sameiginlegar Lubbastundir þar sem áherslan er á læsi og fundir umhverfisnefndar leikskólans hafa líka verið haldnir þar með nemendum. 30. október sl. var bætt í samstarfið en þá fór elsti árgangur skólans í skólavistun og var þar fram að hádegi. Það eru þrír elstu árgangar leikskólans sem fara í þessar ferðir en elstu nemendurnir, börn f. 2010, fara oftast eða annan hvern þriðjudag.

Markmiðið er að nemendur á Brimveri og Æskukoti nái að kynnst um leið og þau kynnst BES þannig að þau efli félagstengsl, vináttu og öryggi þegar farið er á milli skólastiga. Einnig eru leikskólakennarar að hitta kennara í BES og það eykur þekkingu og skilning þeirra á milli. Þessar ferðir hafa líka áhrif á læsi þar sem umhverfið er mjög læsishvetjandi og í Lubbastundum er verið að vinna með læsi.

Við sjáum mikla möguleika í þessari samvinnu við BES og erum þakklátar fyrir það góða samstarf sem við eigum. Áætlun um samvinnu á milli skólastiga hér við ströndina má sjá [hér](#)



## Samvinna við skólaþjónustu Árborgar

Fræðsluvið og skólaþjónusta Árborgar er mikilvægur partur af skólastarfinu. Starfsfólk skólaþjónustu kemur í leikskólann og geta foreldrar óskað eftir ráðgjöf ef það er eitthvað sem þeir vilja láta athuga eða fá ráðgjöf um. Einnig getur skólinn átt frumkvæði að því að leita eftir álit og ráðgjöf frá skólaþjónustu og er það þá gert í samráði við foreldra. Leiðarljós skólaþjónustunnar er að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks. Þjónustan fer að mestu fram í skólunum en starfsfólkið hefur skrifstofu- og fundaraðstöðu í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2 (sími 480 1900 – netfang: [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is)). Mikil áhersla er lögð á samstarf ýmissa ráðgjafa og fagaðila sem koma að þjónustu við börnin í Árborg.


Leikskólaárin eru mikilvæg ár í lífi og þroska nemenda og mikilvægt er að gera eins vel og hægt er með hverjum nemenda. Snemmtæk íhlutun getur skipt miklu máli fyrir þroska, nám og líðan þeirra til frambúðar. Á heimasíðu fræðsluviðs er að finna gagnlegt efni fyrir foreldra og starfsfólk leik- og grunnskóla. [Hér](#) má sjá heimasíðu skólaþjónustu og upplýsingar um starfsmenn hennar sem við getum leitað til.



## Skóli á grænni grein

Grænfáninn: Leikskólinn er "skóli á grænni grein", lýðheilsa er þemað sem við vinnum með um leið og við vinnum með virðingu fyrir umhverfinu, okkur sjálfum og öðrum, þar sem vinátta, gleði, heilbrigði og sköpun fléttast inni í verkefnið en það eru leiðarljós leikskólans. Elsti árgangur, 11 börn f. 2010, er í umhverfisnefnd skólans og fyrsti fundur var á skólabókasafninu í BES þar sem elstu nemendur frá Brimveri og Æskukoti hittust 13. október sl. og funduðu með Hjördísi Heiðu, sem er verkefnastjóri verkefnisins, Sigu Birnu og Hafdísi. Þemað sem við leggjum áherslu á er **lýðheilsa. Við ræðum um heilsu, líkamann, líkamsheiti, tilfinningar og líðan**. Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni?

Skólar á grænni grein þurfa að hafa tekið a.m.k. **sjö** eftirfarandi skref til bættrar umhverfisstjórnunar til að fá Grænfánann:



Við erum að stíga þessi skref og verður skipulagsdagurinn 19. nóvember nýttur til að fræða starfsfólk um verkefnið og vinna sameiginleg markmið og leiðir. Katrín, ráðgjafi frá Landvernd, verður með okkur í þeirri vinnu.

## Bókahornið - Læsi

Bókin „Kroppurinn er kraftaverk“ verður lesin og hugmyndafræði hennar nýtt í verkefninu „skóli á grænni grein“ með nemendum. Verkefnið á að fjalla um mannréttindi, lýðræði, sköpun, sjálfbærni og læsi í skólalstarfi.

### Kroppurinn er kraftaverk – um bókina



*Líkami þinn er snillingur. Hann gerir alls konar stórkostlega hluti, eins og að hoppa, stækka og lækna sárin sín. Ef þú hlustar segir hann þér hvað hann þarf til að vera hraustur og líða vel.*

*Þessi skemmtilega bók kennir börnum að þykja vænt um líkama sinn, hugsa vel um hann og bera virðingu fyrir líkómum annarra. Það er mikilvægt veganesti sem öll börn ættu að fá að taka með sér út í lífið.*

Höfundur bókarinnar er Sigrún Daníelsdóttir og Björk Bjarkadóttir myndskreytti.

Hér á eftir má sjá fundagerðir umhverfisnefndar. Þeir sem hafa áhuga á að starfa með okkur í þessu skemmtilega verkefni eða koma með hugmyndir í það eru vinsamlegast beðnir um að láta okkur vita.

#### Lestur fyrir börn skiptir máli

Rannsóknir hafa sýnt að það skiptir máli að lesa oft fyrir börn. Það eykur orðaforða og eflir bernskulæsi. Gæði lestrarstunda skipta einnig miklu máli. Lestur á að vera skemmtileg stund þar sem bæði foreldri og barn njóta þess að lesa og spjalla saman um efnið (Walsh, 2008).

Nánari leiðbeiningar um lestur fyrir yngri börn má finna [hér](#).

Við minnum á heimasíðu leikskólans <http://strondin.arborg.is/>

## Fundargerðir umhverfisnefndar

### Fundargerð

#### Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

13.10.2015

1. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Ancelika, Almar Elí, Daníel Örn, Hannes, Emilía Dís, Krístrún Birta, Stefanía Vala, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Sigríður Birna, leikskólastjóri, Hjördís Heiða, verkefnastjóri og Hafdís, bókasafnsvörður.

Grænfáninn – Hvað er það? Umræður um Grænfánann, hvað þarf til að fá að flagga honum og myndir skoðaðar þar sem verið er að afhenda fánann.

Umhverfið – Umræður um hvernig við göngum um bókasafnið og umhverfi okkar, „virðing“ kom fram í umræðum okkar. Við göngum vel um bókasafnið, göngum frá bókum eftir okkur, tölum lágt og þökkum Hafdís fyrir okkur þegar við förum heim.

Líðan – umræður um líðan okkar. Hvernig líður okkur í hávaða? Þar líður okkur ekki vel og hávaði getur farið illa með heyrnina.

Vinátta – umræður um hvernig okkur líður þegar við erum með vini/vinum – Þá líður okkur vel og það er gaman.

Enduðum á Lubbastund með Hjördísi Heiðu.

### Fundargerð

#### Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

27.10.2015

2. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri

Mætt: Anton Marel, Ancelika, Almar Elí, Daníel Örn, Hannes, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Ósk, foreldri, Sigríður Birna, Hjördís Heiða, verkefnastjóri, Hafdís bókasafnsvörður.

Skoðuðum lítinn Grænfána – Umræður um Grænfánann.

Rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við göngum um umhverfið – eins og bókasafnið og leikskólann, töluðum um mikilvægi þess að ganga vel um og af virðingu.

Umræður um vináttu og hvernig okkur hefur gengið að koma vel fram við vini okkar og hvernig okkur líður þá. „Umhyggja“ kom fram í umræðu okkar.

Bókin „Kroppurinn er kraftaverk“ var lesin og skoðuð og talað um boðskap hennar.

Enduðum á Lubbasöngstund með Hjördísi Heiðu.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður þriðjudaginn 10. nóvember kl. 10:40 á skólabókasafninu í BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.